

Miðvikudaginn 8. apríl 1992.

Nr. 159/1992. **Ákærvaldið**

gegn

Eyvindi Ólafssyni.

Kærumál. Farbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar. Var kærinni lýst við uppkvaðningu úrskurðarins. Gögn kærumálsins bárust Hæstarétti 6. apríl sl.

Ríkissaksóknari hefur sent Hæstarétti greinargerð. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Jafnframt er krafist kærumálskostnaðar.

Með úrskurði sakadóms Reykjavíkur 12. desember 1991 var varnaraðila gert að sæta farbanni til 5. febrúar 1992, og með úrskurði sama dómstóls þann dag var farbannið framlengt til 3. apríl sl. Í þeim úrskurði er gerð svofelld grein fyrir ástæðum farbannsins:

„RLR vinnur nú að rannsókn á ætluðum stórfelldum skjalafals- og auðgunarbrotum kærða, en hann er m.a. sakaður um notkun margra skjala með fölsuðum nafnritunum á árunum 1990 og 1991. Kærði hefur við yfirheyrslur skilmerkilega gengist við brotum sínum. Rannsókn mála þessara er þó ekki lokið, en í þágu rannsóknarinnar er brýn þörf á nærveru kærða...“

Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður, sem í kærumáli þessu gætir hagsmuna varnaraðila, hefur sent Hæstarétti greinargerð. Þar segir meðal annars:

„Farbanni í opinberum málum hefur fyrst og fremst verið beitt gagnvart mönnum búsettum erlendis, þegar þeir hafa sætt kæru eða ákæru hérlendis, en það er mjög fátítt, að isl. ríkisborgarar, sem hér eiga fast heimili, séu settir í farbann. Til þess þurfa að liggja veigamikil rök, en ekki eingöngu þau, að nærvera kærða sé nauðsynleg. Í opinberum málum er nærvera kærðs eða ákærðs manns

í flestum tilvikum nauðsynleg. Þetta mál sker sig ekkert úr að þessu leytinu til.

Það má telja næsta víst, að meðferð málsins fyrir dómi, ef til kemur, verður ekki lokið fyrir 6. maí nk., því að enn hefur málið ekki verið sent ríkissaksóknara og þar af leiðandi hefur ákæra ekki verið gefin út...“

Er varnaraðila var í þinghaldi 3. apríl sl. kynnt krafa Rannsóknarlögreglu ríkisins um framlengingu farbanns, lýsti hann því yfir, að sér væri nauðsynlegt að komast úr landi vegna viðskipta á Spáni. Hvorki var gerð grein fyrir því, hver þessi viðskipti væru né hvers vegna utanför vegna þeirra væri brýn.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, og forsendna hins kærða úrskurðar þykir rétt að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 3. apríl 1992.

Ár 1992, föstudaginn 3. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Símoni Sigvaldasyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Eyvindi Ólafssyni, kt. 251252-4599, til lögheimilis að Ármúla 38, Reykjavík, verði gert að sæta áframhaldandi farbanni allt til miðvikudagsins 6. maí 1992 kl. 16.00.

Um málavexti vísast til úrskurða sakadóms Reykjavíkur 12. desember 1991 og 5. febrúar 1992. Rannsókn þessa máls er nú á lokastigi hjá RLR, og er þess að vænta, að rannsóknargögn málsins verði send ríkissaksóknara til ákvörðunar innan fárra daga. Kærði hefur viðurkennt hér á dómþingi, að sér sé nauðsyn á að komast úr landi vegna ætlaðra viðskipta sinna erlendis.

Með tilliti til hinna alvarlegu brota kærða og þess, er hér að framan er rakið, þykir rétt að verða við kröfu RLR um, að lagt verði á kærða farbann skv. 72. gr. laga nr. 74, 1974. Skal kærði samkvæmt því halda sig innan íslenskrar lögsögu, og er honum meinuð för frá Íslandi allt til miðvikudagsins 6. maí 1992 kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Eyvindur Ólafsson, skal halda sig innan íslenskrar lögsögu og er meinuð för frá Íslandi allt til miðvikudagsins 6. maí 1992 kl. 16.00.
